

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. janúar 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi, 1. áfanga á lóð nr. 40-48 við Ásatún.

Breytingin felur m.a. í sér að lóðin Ásatún 40-48 stækkar og heimilt verður að byggja þar fjögur fjölbýlishús í stað tveggja. Eftir breytingu eykst heildarfjöldi íbúða og verða þær 60, auk þess fjölgar bílastæðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 10. febrúar 2015,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2015